



## **Reglugerð um dómara og eftirlitsmenn**

### **Almennt um dómara:**

#### **1. Hlutgengi**

- 1.1. Á innanlandsmótum þar með töldum félagsmótum, bikarmótum, byrjendamótum og íslandsmeistaramótum skulu stigadómarar hafa gengist undir viðeigandi dómaranámskeið á vegum HNÍ og hafa gilda dómarabók útgefna af HNÍ. Erlendir dómarar skulu uppfylla samsvarandi skilyrði hjá sínu landssambandi. Allar reglur um stigadómara eiga einni við um stigadómara sem eru í þjálfun.
- 1.2. Dómarar skulu skila inn sakavottorði til HNÍ þegar sótt er um dómarabók.

#### **2. Hlutleysi**

- 2.1. Í hverjum leik skal hringdómari gæta hlutleysi í hvívetna.

#### **3. Hagsmunaárekstrar**

- 3.1. Stigadómari má ekki jafnframt vera liðsstjóri, þjálfari, aðstoðarmaður eða aukaaðstoðarmaður keppenda í þeirri viðureign sem hann dæmir.

#### **4. Agabrot**

- 4.1. Aganefnd eða opinber fulltrúi hennar, getur að tillögu dómaranefndar HNÍ, útilokað dómara (tímabundið eða fyrir fullt og allt) sem að þeirra mati fylgir ekki reglum World Boxing.

#### **5. Klæðnaður**

- 5.1. Dómarar skulu vera klæddir í svartar buxur, hvíta skyrtu og með svarta þverslaufu. Nota má viðeigandi og viðurkenndan jakka.

### **Stigadómari:**

#### **1. Hlutleysi**

- 1.1. Til að tryggja hlutleysi skal umsjónarmaður velja stigadómara í hvern leik á eftirfarandi hátt:
  - 1.1.1. Stigadómarar mega ekki vera frá sama hnefaleikafélagi og keppendurnir.
  - 1.1.2. Verði ekki hjá því komist að hafa stigadómara frá sama hnefaleikafélagi og keppandi skal reyna að hafa stigadómara frá báðum hnefaleikafélögum sem keppendur koma frá við hvern leik.
  - 1.1.3. Stigadómarar mega ekki vera tengdir keppanda að öðru leyti.



- 1.2. Geti umsjónarmaður ekki fylgt þessum reglum í sérstöku tilviki skal hann leysa málið með því að reyna að hafa þá stigadómara sem valdir eru eins hlutlausa og óvilhalla og kostur er.

## **2. Umgjörð og þátttaka**

- 2.1. Á meistaramótum skulu fimm af fimm stigadómurum dæma hvern leik. Allir fimm stigadómarar skulu sitja við fjórar hliðar hringsins eins og fram kemur í uppsetningu skv. reglum World Boxing. Ef ekki nást fimm stigadómarar á innanlandsmótum mega þeir vera færri, en þó aldrei færri en þrír. Stigadómararnir skulu ávallt sitja við þrjár hliðar hringsins.
- 2.2. Á meðan leik stendur má stigadómari hvorki ræða við keppendur, aðra stigadómara né nokkurn annan, nema hringdómarann og umsjónarmann. Hann skal ekki hverfa úr sæti sínu fyrr en úrskurður hans hefur verið tilkynntur áhorfendum.

## **3. Skyldur**

- 3.1. Hver stigadómari skal óháð hinum stigadómurunum dæma um getu beggja keppenda og tilnefna sigurvegara samkvæmt reglum World Boxing.

## **4. Vélrænar aðferðir**

- 4.1. Að fengnu leyfi mótanefndar HNÍ má nota vélrænar aðferðir við dómarastörf.

## **Hringdómari:**

### **1. Dómaraskipti á meðan á leik stendur**

- 1.1. Geti hringdómari ekki haldið áfram í miðri lotu skal tímavörður slá á bjölluna og stöðva leikinn. Næsti hlutlausí dómarí sem laus er og uppfyllir skilyrði um hæfni og hlutleysi skal taka við af honum og skipa keppendum að halda leiknum áfram.

## **Menntun og réttindi dómarar:**

### **1. Innanlandsmót**

- 1.1. Til að öðlast réttindi til að dæma sem stigadómari á innanlandsmótum veður viðkomandi að uppfylla eftirfarandi skilyrði:
  - 1.1.1. Vera félagi sem á aðild að HNÍ
  - 1.1.2. Hafa náð 20 ára aldri
  - 1.1.3. Hafa lokið og staðist dómaranámskeið HNÍ
- 1.2. Til að öðlast réttindi til að dæma sem hringdómari á innanlandsmótum veður viðkomandi að uppfylla eftirfarandi skilyrði:



1.2.1. Hafa gild réttindi sem stigadómari á innanlandsmótum

1.2.2. Hafa dæmt í a.m.k. tvö ár og 100 leiki sem stigadómari

1.3. Þegar réttindum er náð fær viðkomandi dómarabók frá HNÍ þar sem réttindin eru tilgreind og allir dæmir leikir hjá viðkomandi eru skráðir.

## **2. Námskeið HNÍ og endurnýjun réttinda**

2.1. Halda skal dómaranámskeið a.m.k. annað hvert ár. Til þess að viðkomandi teljist viðurkenndur dómari skal héraðsstjórn senda Dómaranefnd HNÍ dómarabók hans í síðasta lagi 30. september ár hvert til eftirlits.

2.2. Dómari sem ekkert dæmir í eitt ár eða dæmir bersýnilega ekki eftir reglum getur verið sviptur réttindum og verður þá að ljúka dómaranámskeiði að nýju með reynsludómgæslu. Dómaranefnd HNÍ hefur umsjón með réttindum dómara.

## **3. Undanþágur**

3.1. Að fenginni tillögu frá mótanefnd HNÍ getur stjórn HNÍ veitt undanþágu frá ofangreindum reglum ef samþykki fæst frá 2/3 hluta stjórnar.

## **Umsjónarmaður:**

### **1. Almenn**

1.1. Útnefna þarf umsjónarmann á öll mót sem haldin eru af HNÍ eða félögum innan vébanda HNÍ. Umsjónarmaður þarf að vera talinn hæfur af mótanefnd og formanni HNÍ áður en einstaklingur fær að sjá um mót á vegum sambandsins.

1.2. Á mesitaramótum mega einstaklingar ekki starfa sem umsjónarmenn sem falla undir eftirfarandi skilyrði:

1.2.1. Starfandi þjálfari á vegum HNÍ

1.2.2. Virkur keppandi innan HNÍ. Líða skulu 6 mánuðir frá síðustu viðureign, til að teljast óvirkur keppandi og ekki vera með gilda þátttökubók.

1.2.3. Aðil sem hefur fengið dæmt meira en sex mánaða bann frá hnefaleikum.

1.3. Ef umsjónarmaður mætir ekki á mót sem hann er útnefndur til, skal mótsstjóri óska eftir nýjum umsjónarmanni til formanns HNÍ og mun þá formaður útnefna nýjan umsjónarmann fyrir mótið.



## 2. Umjörð og þátttaka

- 2.1. Umsjónarmaður ber ábyrgð á öllum ákvörðunum sem gerðar eru á þeim viðburði sem hann er skráður fyrir. Undir það fellur m.a:
  - 2.1.1. Umsjónarmaður ber að koma úrslitum viðureignar til kynnis þegar viðureign er lokið.
  - 2.1.2. Umsjónarmanni ber skylda til að fylgjast með stigagjöf dómara og hringdómara og ef upp kemur grunur um misferli eða óíþróttamannslega hegðun skal umsjónarmaður fjarlægja þann einstakling sem grunaður er um misferlið frá keppnisstað þar til móti er lokið. Þegar móti er lokið skal umsjónarmaður tilkynna ákvörðun sína til aganefndar HNÍ.
  - 2.1.3. Ef starfsmaður á móti er ekki til staðar þegar keppni á að hefjast má umsjónarmaður finna staðgengil, svo lengi sem hann uppfyllir hæfniskröfur HNÍ í stað þeirrar manneskju.
  - 2.1.4. Ef keppnisaðstæður eru ekki, eða breytast svo að umsjónarmaður telur þær ekki boðlegar keppendum, skal hann fresta keppni þar til keppnishaldari hefur lagað aðstæður, annars slíta keppni.
  - 2.1.5. Umsjónarmaður má taka ákvarðanir sem hann telur nauðsynlegar til að takast á við aðstæður sem myndast og skulu mótshaldarar og starfsmenn móta virða og hlýða þeim í einu og öllu.
  - 2.1.6. Ef keppandi er sekur um óíþróttamannslega hegðun eða brot á reglum þessum hefur umsjónarmaður og hringdómari rétt á að tilkynna einstaklinginn til aganefndar HNÍ.
  - 2.1.7. Umsjónarmaður má ekki hafa áhrif á dómara eða reyna að breyta úrslitum viðureigna. Umsjónarmaður skal alltaf koma fram hlutlaust og ekki gera upp á milli keppenda.
  - 2.1.8. Umsjónarmaður ber ábyrgð á tilmælum, aðvörunum og brottvísun þjálfara og aðstoðarmanna.
  - 2.1.9. Umsjónarmaður skal stoppa keppni ef mótislæknir yfirgefur keppnisstað. Ef ekki finnst nýr læknir skal hann slíta keppni.
  - 2.1.10. Umsjónarmaður á hverju móti skal sjá til þess að haldinn sé fundur með dómurum og starfsmönnum móts og leggja mikla áherslu á að reglur World Boxing gildi inni í hringnum; keppandi sem brjóti gegn þeim geti ekki aðeins tapað stigum heldur einnig meistaratitli.

## 3. Aðstoðar umsjónarmaður

- 3.1. Umsjónarmanni er heimilt að tilnefna manneskju sér til handar ef hann telur svo vera þörf á. Aðstoðar umsjónarmaður skal framkvæma verkefni sem umsjónarmaður hefur falið honum og ber að virða það eins og umsjónarmaður sé sjálfur að verki. Aðstoðar umsjónarmanni er heimilt að sitja við hring ef umsjónarmaður telur þess vera þörf.



## **Menntun og réttindi umsjónarmanns:**

### **1. Kröfur**

- 1.1. Til að geta starfað sem umsjónarmaður þarf viðkomandi að uppfylla allar kröfur taldar upp hér að ofan. Viðkomandi þarf að vera búinn að sýna að hægt sé að treysta að hann sé hæfur til að stjórna viðburði á vegum HNÍ. Til að starfa sem umsjónarmaður er mjög mikilvægt að sá einstaklingur sé vel að sér í Regluverki HNÍ og mótareglum World Boxing.

### **2. Mót innan HNÍ**

- 2.1. Einstaklingar sem hafa áhuga og vilja geta sótt um að verða umsjónarmenn hjá mótanefnd HNÍ. Ef umsækjandi er talinn hæfur skal hann fenginn til að vera aðstoðar umsjónarmaður á a.m.k. þremur (3) mótum innan HNÍ áður en hann fær að starfa sem umsjónarmaður.